

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 5/2007

frá 27. apríl 2007

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 144/2006 frá 8. desember 2006 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/72/EB frá 18. ágúst 2006 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/24/EB um tiltekna íhluti í vélknúnum ökutækjum sem eru á tveimur eða þremur hjólum og sérkenni slíkra ökutækja í því skyni að laga hana að tækniframförum ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 45x (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/24/EB) í I. kafla II. viðauka við samninginn:

„– **32006 L 0072**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/72/EB frá 18. ágúst 2006 (Stjtið. ESB L 227, 19.8.2006, bls. 43).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2006/72/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 28. apríl 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 89, 29.3.2007, bls. 11, og EES-viðbætur nr. 15, 29.3.2007, bls. 9.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 227, 19.8.2006, bls. 43.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 27. apríl 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

A. Scatter

formaður.